

## Fundargerð 14. fundar í flugvirkjarráði

Fundur var haldinn í flugvirkjarráði þriðjudaginn 17. janúar 2017 í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 kl. 13.00.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir (ÁSS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Karen Bragadóttir (KB), Þórólfur Guðnason (ÞG), Hildur Reykdal (HR), Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG), Björn Óli Hauksson (BÓH), Þorvaldur H. Þórðarson (ÞÞ) og Ómar Sveinsson (ÓS) sem ritaði fundargerð.

Gestir: (GÖI) Gunnar Örn Indriðason lögfræðingur ráðuneytisins í flugmálum og (ÍÖI) Íris Ösp Ingjaldsdóttir lögfræðingur hjá Tollstjóra.

### Dagskrá

1. Dagskrá.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Flugvirkjaráætlun Íslands 2017
4. Næsti fundur
5. Önnur mál.

kl. 14:00 verða flugrekendur boðnir velkomnir á fundinn.

1. Kynning á flugvirkjarráði
2. Kynning á tillögu að Flugvirkjaráætlun Íslands fyrir árið 2017
3. Einstök verkefni flugvirkjarráðs
4. Global Entry og Preclerance til USA/BASA samningur
5. Alþjóðastarf – yfirlit
6. Fyrirspurnir og umræður
7. Önnur mál.

---

FS opnaði fundinn, kynnti nýja fulltrúa og gesti.

- 1.-2. Dagskrá og fundargerð síðasta fundar voru samþykkt án athugasemda.
3. FS kynnti helstu breytingar í Flugvirkjaráætlun Íslands 2017 og var hún samþykkt.
4. Næsti fundur ráðsins. Samþykkt að næsti fundur yrði 4. apríl. kl. 13 til 15 á sama stað.
5. HSS kynnti alþjóðasamstarf Samgöngustofu á sviði flugvirkjar, helstu áherslur og samþykktir frá þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).
6. KB og ÍÖI frá Tollstjóra óskuðu eftir umræðu um notkun upplýsinga og skilum á farþegalistum. Tollstjóri nýtir sér upplýsingar um farþega til áhættugreiningar við tolleftirlit og er nú í samstarfsverkefni með lögreglu að afla nýs farþegalistakerfis. Nokkur umræða var um farþegalista, mismunandi skil flugfélaga eftir upprunalandi og verkefni sem snúa að því að allar upplýsingar fari á einn aðila. Einnig hversu mikilvægir þeir væru ef sóttfaraldur kæmi upp. Rætt var um vandamál tengd því að flugfélög skoða ekki alltaf ferðaskilríki farþega við brottför og töldu fulltrúar Tollstjóra að þetta hefði áhrif á gæði þeirra gagna sem koma inn í farþegalistakerfi. Fram kom hjá ÓHK að frá og með 1. mars ætti að fara að skanna öll skilríki komufarþega. Einnig tilkynnti BÓH að Isavia væri að setja upp nýtt sjálfsafgreiðsluhlið og að verið væri að skoða afleiðingar slíks hliðs..

Kl. 14:00 voru fulltrúar flugrekenda boðnir velkomnir, mættir voru:

Ólafur Ragnar Ólafsson, Icelandair, Tómas D. Helgason Bláfugli, Hörður Guðmundsson og Ásgeir Þorsteinsson frá Erni og Sigurður Magnús Sigurðsson frá WOW air.

FS kynnti ráðið og Flugvirkjaráætlun 2017.

HSS kynnti hvað er að gerast á alþjóðavettvangi í flugvirkt og hvert starf Samgöngustofu er í málaflokknum.

GÖI kynnti Global Entry og Preclearance og stöðu BASA samningsins við Bandaríkin og verið væri að skoða hvort Brexit myndi hafa áhrif. Rætt var um mögulegt „preclearance“ verkefni og fram kom að fulltrúar flugrekenda væru ekki vissir um hvort „preclearance“ henti þeim þar sem þeirra viðskiptamódel byggir á stuttum tengitíma. Isavia er að skoða raunhæfni og tækifæri til að kanna hvort þess háttar hentar hér á landi.

ÓHK kynnti stöðu í landamæravörslu á Keflavíkflugvelli, aukin skilningur væri á verkefninu og nú væri verið að auglýsa 16 til 18 stöður lögreglumanna og landamæravarða til vinnu á flugvelli. Ráðgert er að setja upp ABC hlið í júní/júlí. ÓHK kom einnig að öryggismálum í flugstöðinni sjálfri, lítið þurfi til að það komi til uppþota vegna seinkana o.þ.h.

Upplýst var að Frontex kemur og gerir úttekt á Schengen svæðinu seinni partinn í mars, aukning farþega í Schengen er um 1400 farþega pr. dag.

Fram kom frá fulltrúa WOW, Sigurði Magnúsi að félagið óskar eftir því að farið verði yfir viðbrögð við seinkunum, en þegar vélar WOW air lenda í seinkunum þá lenda þær inn í annarri umferð með enn meiri seinkunarfleiðingum.

Fyrirspurn kom frá fulltrúa Icelandair, Ólafi Ragnari, um hvað sé að gerast með sérstök áhafnahlið í flugstöðinni.

ÓHK svaraði fyrirspurnum Magnúsar og Ólafs og sagðist ekki hafa afstöðu í málinu að svo stöddu en sagði ekki hægt að gera upp á milli aðila á vellinum en tilkoma ABC hliða muni bæta þetta.

BÓH sagði Isavia vera í samstarfi við flugfélög en tafir í sumar hafi mest verið vegna farangurs. Hann lýsti áhyggjum sínum með ráðningar fyrir næsta sumar vegna skorts á mannafla.

Hörður frá Erni ítrekaði hversu Reykjavíkflugvöllur væri mikilvægur fyrir allt flug í landinu og sem varaflugvöllur fyrir Keflavík. Vöxtur í innanlandsflugi væri 23 til 24%, aukið fjármagn þyrfti í innanlandsflugi. Helsti samkeppnisaðilinn við flugið væri strætó.

Fundi slitið 15:30